

## „Ég elti auðinn til Evrópu“

Sögur af fólki á flótta, innflytjendum  
og „ólöglegum“ einstaklingum

### *Inngangur*

Á síðastliðnum árum hefur hælisumsóknum fjölgað hér á landi eins og annars staðar og fjöldi þeirra sem þurfa alþjóðlega vernd farið vaxandi.<sup>1</sup> Sýnileiki þessa hóps hefur einnig aukist í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Þannig hefur fólk á flótta, sem þekkingarfræðilegt fyrirbæri, orðið á margskonar hátt hluti af daglegu og hversdagslegu umhverfi á Íslandi. Víða hefur verið litið á hælisleitendur og flóttafólk sem eina helstu ógn Evrópu, þá ýmist vegna litarháttar, ótta um að þeir taki atvinnu frá heimamönnum eða vegna þess að fólk á flótta er tengt við ákveðin trúarbrögð sem talin eru ógnandi á einhvern hátt. Slík viðhorf til hælisleitenda og flóttafólks tengjast einnig þeirri sýn að allir múslimar séu mögulega hryðjuverkamenn.<sup>2</sup> Sumt fræðifólk hefur bent á að dökkir, karlkyns múslimar frá Afríkuríkjum sunnan Sahara, hafi sérstaklega verið dregnir fram sem ógn við Evrópu. Þeir hafi orðið tákmynd „ólöglegra“ einstaklinga og iðulega litið á þá sem öryggisógn.<sup>3</sup> Viðfangsefni þessarar greinar er að benda á veikleika í samtímaumræðu um flóttafólk, þar sem ég set spurningarmerki við þær þekkingarfræðilegu forsendur sem umræðan byggir á og hvernig flokkun fólks í náttúrugerða hópa – svo sem flóttamenn, hælisleitendur, ólöglegir,

<sup>1</sup> Lilja Ingvarsson, Snæfríður Þóra Egilson og Unnur Dís Skaptadóttir, „‘I want a normal life like everyone else’: Daily life of asylum seekers in Iceland“, *Scandinavian Journal of Occupational Therapy* 23(6)/2016, bls. 416–424.

<sup>2</sup> Didier Fassin, „Compassion and Repression: The Moral Economy of Immigration Policies in France“, *The Anthropology of Globalization*, ritstj. Jonathan Xavier India og Renato Rosaldo, Malden: Blackwell Publishing, 2008, bls. 212–234.

<sup>3</sup> Sjá til dæmis umræðu Christina Oelgemöller, „The Illegal, the Missing: An Evaluation of Conceptual Invention“, *Millennium: Journal of International Studies* 46(1)/2017, bls. 24–40, hér bls. 30.

eða einfaldlega innflytjendur – felur í sér afmennskun og einföldun. Ég styðst við sögur dökkra, karlkyns múslima frá Vestur-Afríku, út frá rannsókn sem ég hef unnið í Belgíu og á Ítalíu undanfarin ár. Viðmælendur mínir í rannsókninni myndu ekki nauðsynlega líta á sig sjálfa sem flóttamenn. Þeir leita fyrst og fremst eftir efnahagslegum tækifærum til að bæta stöðu sína eða fjölskyldu sinnar í Níger þaðan sem þeir koma. Umfjöllun greinarinnar undirstrikar það að umræða um flóttafólk almennt í samtímanum byggir oft á þeirri sýn að Evrópa hafi lengi verið aðskilin frá öðrum hlutum heimsins. Slík sýn tengist náið áherslunni á Evrópu sem virki sem þarf að verja fyrir utanaðkomandi öflum (e. *fortress-Europe*). Umræða um „ólöglegt“ fólk gerir merkingarbærar einfaldar flokkanir fólks í aðgreinda hópa með ólík réttindi. Hugtökin flóttamaður og hælisleitandi eru lagaleg hugtök sem gera greinarmun á milli einstaklinga sem hafa fengið lagalega stöðu sem flóttamenn, og þeirra sem hafa það ekki og er því oftast vísað til sem hælisleitenda.<sup>4</sup> Þrátt fyrir að hér sé eingöngu verið að tala um skilning laganna fer notkun þessara tveggja hugtaka í raun út í aðgreiningu á milli þeirra sem eru taldir vera raunverulegir flóttamenn og þeirra sem eru það ekki; þeirra sem taldir eru eiga skilið að fá samúð og alþjóðlega vernd og þeirra sem ekki eiga það skilið.<sup>5</sup>

Í umfjölluninni dreg ég fram sögur þriggja einstaklinga í Brussel, sem hafa allir komið til Evrópu án tilskildra pappíra. Þrátt fyrir að draga sérstaklega fram þessar sögur byggji ég einnig á reynslu annarra viðmælenda í rannsókn minni,<sup>6</sup> sem eiga það sameiginlegt að vera í viðkvæmri stöðu í

<sup>4</sup> Síðan þessi grein var skrifuð hefur orðasambandið „umsækjandi um alþjóðlega vernd“ verið notað í auknum mæli.

<sup>5</sup> Simon Goodman og Susan A. Speer, „Category Use in the Construction of Asylum Seekers“, *Critical Discourse Studies* 4(2)/2007, bls. 165–185; Alexandra Hall, *Border Watch: Cultures of Immigration, Detention and Control*, London: Pluto Press, 2012; Shay Cannedy, „Debating Refugee Deservingness in Post-Celtic Tiger Ireland“, *Messy Europe: Crisis, Race and Nation-State in a Postcolonial World*, ritstj. Kristín Loftsdóttir, Andrea Smith og Brigitte Hipfl, New York: Berghahn Press, 2018, bls. 102–125.

<sup>6</sup> Verkefnið skoðar í grófum dráttum sýn einstaklinga frá Níger á Evrópu, og reynslu þeirra. Rannsóknin hefur verið styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Ég hef farið í stuttar rannsóknafærðir til þriggja borga í Belgíu (mestur hluti tímans í Brussel) og þriggja í norðurhluta Ítalíu (mestur hluti tímans í Milanó). Nánar tiltekið voru rannsóknafærðir farnar árin 2004 (Belgía), 2012 (Belgía), 2014 (Belgía), 2016 (Belgía og Ítalía), 2017 (Belgía og Ítalía) og 2018 (Belgía og Ítalía). Tökin hafa verið formleg viðtöl við tæplega 20 einstaklinga og nokkrum sinnum við sömu aðila, en einnig fjöldi óformlegra viðtala við einstaklinga frá Níger, sem búa í þessum löndum.

Belgíu sem umsækjendur um alþjóðlega vernd (hælisleitendur), flóttamenn eða vegna þess að þeir eru án vegabréfsáritunar. Ég nota þessar sögur til að velta upp hvað þær segja okkur um ástæður þess að sumir koma ólöglega inn í Evrópu og hvort það eigi við að tala um „löglega“ eða „ólöglega“ einstaklinga. Samhliða endurspeglar sögurnar tengsl fortíðar og samtíma á milli Evrópu og Afríku. Sögur þessara einstaklinga tengjast ekki Íslandi eða íslenskri umræðu en endurspeglar þó engu að síður ákveðna þætti um rýmið Evrópu sem Ísland telur sig vera hluta af og sem umræður á Íslandi spegla sig reglulega í.

Þessir viðmælendur mínir koma frá Níger og hafa sest að í Brussel til þess að vinna tímabundið. Í Brussel búa þeir í einu af helstu innflytjendahverfum borgarinnar, leigja herbergi, jafnvel nokkrir saman þar sem er lítið pláss fyrir annað en dýnur á gólfinu. Í kjölfar arabíska vorsins svokallaða og svo stríðsins í Líbú árið 2011, fjölgaði ferðum yfir Miðjarðarhafið frá Líbú mjög mikið, sérstaklega frá árinu 2013. Margir viðmælenda minna í rannsókninni í heild komu til Evrópu frá Líbú í kjölfar stríðsins, en þeir höfðu upphaflega farið til Líbú til að fá vinnu. Fyrir stríð höfðu margir farandverkamenn víðsvegar að úr Vestur-Afríku sest að í Líbú, þar sem hægt var að fá störf og góð laun. Þegar stríðið braust út árið 2011 féllu samningar við Ítalíu niður sem áttu að hefta för flóttafólks frá Líbú, en fjöldi fólks flúði átökin í Líbú yfir til Evrópu. Benda má á að Ísland var ekki óháð í þessum átökum eða ótengt Líbú, eins og minnt var á árið 2015 þegar sumir alþingismenn lögðu áherslu á að Ísland bæri sérstaka ábyrgð á flóttafólki frá Líbú. Ísland hefði stutt loftárásir Nató á landið árið 2011, sem miðuðu að því að koma Gaddafi frá völdum.<sup>7</sup>

Greinin skiptist í þrjá hluta. Hún hefst á umfjöllun um tengsl Evrópu og Afríku og hvernig umræða um fjölmenningu í samtímanum virðist oft á þversagnakenndan hátt ganga út frá því að tengsl milli þessara heimsálfa séu ný, þrátt fyrir að á sama tíma sé saga nýlendutímans vel þekkt. Í hluta tvö er svo komið inn á fólk á flótta í samtímanum og hvernig markvisst er reynt að hindra komu þess til Evrópu. Þriðji hluti greinarinnar gerir svo grein fyrir því hvernig oft er fjallað um fólk á flótta sem vandamál, en þar er sjónum einnig beint að Íslandi í þessu samhengi. Ég fer lauslega yfir umræðu fréttamiðla um flóttafólk á síðustu árum og bendi á að miðlar eru mikilvægur vettvangur til að ímynda sér sjálfan sig í tengslum við aðra

<sup>7</sup> Anna Kristín Jónsdóttir, „Vilja lána varðskip án endurgjalds“, *Rúv.is*, 23. apríl 2015, sótt 7. apríl 2018 af <http://www.ruv.is/frett/vilja-lana-varðskip-an-endurgjalds>.

og geta þannig skapað samkennd – en geta einnig ýkt eða skapað fjarlægð frá þeim sem eru skilgreindir sem „hinir“. Í gegnum þessa þrjá hluta greinarinnar flétta ég svo sögum þessara þriggja einstaklinga frá Níger sem tilheyra hópi sem er oft talinn síst líklegur til að uppskera samúð og samkennd í samtímaumræðu um flóttafólk.<sup>8</sup> Hvað segja þessar raddir okkur um ástæður þess að fólk sækir til Evrópu, um að vera eða vera ekki flóttamaður og um samtengingu ólíkra hluta heimsins?

Ég fjalla um þetta efni á persónulegan hátt og geri sjálfa mig sýnilega sem rannsakanda, þrátt fyrir að setja mína reynslu ekki í forgrunn. Ég reyni að gefa lesendum tilfinningu fyrir þeim einstaklingum sem greinin snýr að. Innan mannfræði og feminískra fræða er löng hefð fyrir því að staðsetja sjálfan sig innan viðfangsefnisins og í mannfræðinni að segja frá í fyrstu persónu.<sup>9</sup> Persónuleg reynsla og nálgun eru mikilvægar þegar við ræðum um flóttafólk, hælisleitendur eða fólk sem er skilgreint sem „ólöglegt“ til að vinna á móti opinberri umræðu sem oft skreytir sig með tölfræði og ópersónulegri upptalningu staðreynda.

### *Tengsl Evrópu og Afríku*

Brussel er borg andstæðna að mörgu leyti. Hún er aðsetur helstu stofnana Evrópusambandsins og hreyfanleiki til og frá borginni dregur dám af því. Samhliða frekar neikvæðu orðspori borgarinnar sem óáhugaverðri borg skrifstofuveldis Evrópusambandsins, er hún einnig vinsæll áfangastaður ferðamanna sem koma til að skoða gamla bæjarhlutann.<sup>10</sup> Atvinnuleysi íbúa í borginni er hátt og heildartekjur þeirra lægri en almennt gengur og gerist í Belgíu (7% lægri í byrjun nýrrar þúsaldar).<sup>11</sup> Í Brussel endurspeglast því vel þær ólíku ástæður fyrir því að fólk ferðast milli landa, ólík skilyrði sem það ferðast við og möguleikar innan sömu borgarinnar.

Muhammad er rétt um þritugt og kemur frá Agadez í suðurhluta Níger. Ég hitti hann í herbergi sem hann leigir með tveimur vinum sínum í einu

<sup>8</sup> Ruben Anderson, „Time and the Migrant Other: European Border Controls and the Temporal Economics of Illegality“, *American Anthropologist* 116(4)/2014, bls. 795–809.

<sup>9</sup> Sjá umræðu í Kristín Loftsdóttir, *Konan sem fékk spjót í höfuðið*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010.

<sup>10</sup> Myriam Jansen-Verbeke og Robert Govers, „Brussels: A Multilayered Capital City“, *City Tourism: National Capital Perspectives*, ritstj. Robert Maitland og Brent W. Ritchie, Cambridge: Cabi, 2009, bls. 142–158, hér bls. 144.

<sup>11</sup> Sama rit, bls. 147.

hverfi Brussel sem er þekkt sem „innflytjendahverfi“. Hann er brosmildur og heilsar mér hlýlega. Handabandið er þétt og ákveðið. Muhammad segir mér að hann hafi komið ólöglega frá Níger til Ítalíu árið 2010, með bát yfir Miðjarðarhafið. Hann dvaldist þar um nokkurra ára skeið og kom svo til Brussel stuttu áður en ég hitti hann því honum fannst atvinnuástandið fara versnandi á Ítalíu. Ólíkt flestum öðrum sem ég tala við, virðist hann ekki eiga stóra fjölskyldu í Níger; þegar ég spyr hann hvort hann ætli að snúa til baka segir hann mér að foreldrar sínir séu dánir og einhverjir bræður eða systur einnig. Hann fer undan í flæmingi þegar ég reyni að spyrja betur út í hvað gerðist. Hann vill ekki tala um það en ítrekar: „Það er ekkert fyrir mig að hafa í Níger.“ Hann skýrir áhugaleysi sitt á að snúa til baka þó ekki eingöngu með tilvísun til dauða fjölskyldunnar, heldur með því að undirstrika að í Níger sé „ekkert nema fátækt“. Þetta er ekki úr lausu lofti gripið. Níger var árið 2015 í næstneðsta sæti þróunarvísitölu sem Sameinuðu þjóðirnar taka saman ár hvert og hefur oft verið í neðsta sæti vísitölunnar.<sup>12</sup> Landið er fyrrverandi frönsk nýlenda og þrátt fyrir að stór hluti landsins sé inni í Sahara eyðimörkinni og á jöðrum hennar, má finna þar verðmætar náttúruauðlindir svo sem úran og olíu. Nú nýlega hefur fundist gull í jörðu, í meira mæli en áður var talið.<sup>13</sup>

Muhammad segir að lífið sé sérlega erfitt á því svæði Nígers sem hann komi frá. Þar séu engin tækifæri, engin störf, ekkert: „Núna,“ segir hann og hlær nokkuð kaldhæðnislega, „er búið að finna gull í Agadez en það mun engu breyta.“ Hann útskýrir að rétt eins og með úranið muni ‘Evrópa’ og ríkisstjórn heimalands hans hirða ágóðann, en heimamenn fái lítið sem ekkert af auðnum. Ég hef oft heyrt um Agadez. Bæði frá þeim tíma sem ég bjó sjálf í Níger og einnig hefur Agadez oft borið á góma í viðtölum vegna nálægðar við úranframleiðsluna. Níger er í raun sérlega sláandi dæmi um hvernig lönd haldast fátæk í samtímanum. Þrátt fyrir að Níger sé fjórði stærsti framleiðandi úrans á heimsvísu er gríðarleg fátækt lands og þjóðar staðreynd.<sup>14</sup> Lengi vel hafði franska fyrirtækið Areva einkarétt á vinnslu úransins, en nýlega fengu fleiri lönd einnig leyfi til að vinna það t.d. kín-

<sup>12</sup> United Nations, „Table 1: Human Development Index and its Components“, *hdr.undp.org*, sótt 21. júlí 2017 af <http://hdr.undp.org/en/composite/HDI>.

<sup>13</sup> „Niger Gold Seekers Dig Deep for Bullion Dreams“, *dailymail.co.uk*, 3. maí 2017, sótt 7. apríl 2018 af <http://www.dailymail.co.uk/wires/afp/article-4468280/Niger-gold-seekers-dig-deep-bullion-dreams.html>.

<sup>14</sup> Halima Goumandakoye, „Oil in Niger: A Foundation for Promise or a New Resource Curse?“, *The Extractive Industries and Society* 3/2016, bls. 361–366, hér bls. 363.

verska fyrirtækið Somina árið 2007.<sup>15</sup> Skýrsla Greenpeace, sem gerð var 2009 í samvinnu við aðrar stofnanir, sýndi taumlaust virðingarleysi Areva fyrirtækisins fyrir heilsu fólks og umhverfi. Samkvæmt skýrslunni hefur sterk andstaða fyrirtækisins og stjórnvalda við rannsóknir á áhrifum framleiðslunnar haft í för með sér að til eru fáar rannsóknir um áhrifin. Skýrsla Amnesty International leiddi í ljós mikla geislavirkni á svæðinu, sem stafar m.a. af kæruleysi fyrirtækisins varðandi urðun og meðferð geislavirks úrgangs.<sup>16</sup> Skýrsla eftir fræðimennina Larsen og Mamosso frá árinu 2013, bendir jafnframt á kerfisbundið áhugaleysi þróunarsamvinnustofnana í Níger á félagslegum og umhverfislegum áhrifum framleiðslunnar. Larsen og Mamosso tala um hið lága verð sem Níger fær fyrir úranið<sup>17</sup> en sömu gagnrýni má einnig finna í orðum ólíkra viðmælenda minna þegar þeir segja, með vísun til úranframleiðslunnar, að nýlendutíminn sé langt frá því að vera liðinn. Muhammad bendir á, eins og aðrir viðmælendur, að það sé kaldhæðnislegt að í Arlit og jafnvel Níamey, höfuðborg Níger, séu stanslaus vandræði með rafmagn, á meðan úran frá Níger sjái næstum öllu Frakklandi fyrir rafmagni.

„Þess vegna,“ útskýrir Muhammad, „þarf ég að fara til Evrópu. Því Evrópa tekur allt frá okkur og það er bara fátæktin eftir.“ Hann endurtekur, hlējandi glettnislega: „Auðurinn fer allur til Evrópu og ég fer þá bara líka þangað.“ Hann útskýrir svo ívið alvarlegri í bragði: „Við þurfum að fara til Evrópu til að eiga framtíð.“ Þegar sameiginlegur vinur okkar kemur aftur í herbergið, með flatbrauð með osti pakkað inn í pappír, höldum við áfram að tala um þetta efni á óformlegri hátt. Við sitjum á gólfinu á meðan við borðum því það er bara eitt rúm í herberginu og tvær dýnur, ekkert borð. „Hefur þú komið á Grand Place?“ spyr Muhammad mig og ég kinka kalli: „Þetta allt er Kongó,“ segir hann, „án Kongó hefði Belgía ekki orðið neitt. Hvaða auðlindir á þetta land? Það væri ekkert án Kongó.“ Hann á við að auður Belga frá Kongó hafi kostað uppbyggingu þessa glæsilega torgs. Grand Place er vinsæll áfangastaður ferðamanna í miðri Brusselborg. Torgið er á heimsminjaskrá UNESCO og var byggt

<sup>15</sup> Emmanuel Grégoire, „Niger; Un État á forte teneur en uranium“, *Hérodote* 142(3)/2011, bls. 206–225.

<sup>16</sup> Andrea A. Dixon, Romain Chabrol, Bruno Chareyron, Alexandra Dawe, Nina Schulz, Rianne Teule og Aslihan Tumer, „Left in the Dust. AREVA's Radioactive Legacy in the Desert Towns of Niger“, Amnesty International, 2010.

<sup>17</sup> Rasmus Kløcker Larsen og Christiane Alzouma Mamosso, „Environmental Governance of Uranium Mining in Niger – a Blind Spot for Development Cooperation?“, *Dii's Working Paper 2/2013*, bls. 1–54, hér bls. 28 og 42.

um 1700. Yfirráð Belga í Kongó eru auðvitað mun nær í tíma en upphafleg bygging Grand Place um 1700, því bygging torgsins átti sér í raun stað áður en Belgía varð til sem eitt land. Athugasemd Muhammads minnir engu að síður á að svæðið sem í dag kallast Belgía, hefur á einn eða annan hátt verið hluti af nýlendurekstri Evrópubúa síðustu árhundruðin – þá í gegnum nýlendu Hollands á sautjándu öld. Grand Place torgið var svo endurgert í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, á meðan nýlendukapphlaup Leopolds konungs Belgíu var í fullum gangi.

Eins og saga Muhammads dregur athygli að eru flutningar milli heimsálfa, landa og þjóðríkja ekki nýir, né eru tilraunir til að skapa sér nýtt líf í nýju landi. Í umræðu samtímans um flóttafólk og hælisleitendur er þessi saga þó oft ósýnileg. Nýlendu- og heimsvaldatíminn hafði óafturkræf áhrif á það fólk og byggðir sem fyrir voru og hafði mikil áhrif á þá heimsmynd sem við nú búum við. Í samtímaumræðu er jafnframt oft litið framhjá því að í mörgum tilfellum endurspeglast nýlendutengsl fortíðar í fólksflutningum samtímans,<sup>18</sup> sem ætti vissulega að vera vísbending um tengsl ólíkra heimshluta í fortíðinni. Þetta þýðir að þrátt fyrir að saga heimsvalda- og nýlendustefnu Evrópu sé vel kunn er oft undirliggjandi stef í umræðunni að fólk innan Evrópu hafi einhvern veginn alltaf verið kyrrt á sínum stað, innan snyrtilega afmarkaðra rýma. Saga nýlendutímans verður þannig saga einhverra annarra en þeirra sem búa í hinu hnattræna norðri eins og breski menningarfræðingurinn Paul Gilroy bendir á.<sup>19</sup> Í víðu, sögulegu samhengi heimsvalda- og nýlendutímans er ekki hægt að líta á þann fjölda sem komið hefur til Evrópu undanfarið sem sérstakt frávik. Þessir fólksflutningar í dag endurspeglja þó vissulega hrylling og harmleik einstaklinganna sem þurfa að flýja heimaland sitt eða leita tækifæra á nýjum stöðum. Á síðastliðnum áratugum hefur því verið haldið fram að við séum nú að upplifa „kreppu fjölmennings“ (e. *crisis of multiculturalism*). Samkvæmt þessum röddum er ljóst að samlögun innflytjenda að meirihluta samfélagi hefur mistekist.<sup>20</sup> Þessi umræða snýst í kringum spurningar um hvern-

<sup>18</sup> Sandra Ponzanesi, „Diasporic Subjects and Migration“, *Thinking Differently: A Reader in European Women's Studies*, ritstj. Gabriele Griffin og Rosi Braidotti, London: Zed Books, 2002, bls. 205–220.

<sup>19</sup> Paul Gilroy, *The Black Atlantic: Modernity and Double Consciousness*, London og New York: Verso, 1993.

<sup>20</sup> Alana Lentin og Gavan Titley, *The Crises of Multiculturalism: Racism in a Neoliberal Age*, London og New York: Zed Books, 2011; Hervik, Peter. „Ending tolerance as a solution to incompatibility: The Danish ‘crisis of multiculturalism’“, *European Journal of Cultural Studies* 15(2)/2012, bls. 211–225.

ig glíma eigi við fjölmennigarlegt samfélag samtímans og hvernig eigi að „aðlaga“ þá innflytjendur sem hafa ekki „evrópskan“ eða „vestrænan“ menningarlegan bakgrunn. Slík nálgun byggir á mjög þröngu og ósögulegu sjónarhorni á hvað það þýðir að vera „evrópskur“ eða „vestrænn“ þar sem hugtakið „innflytjandi“ verður samheiti fyrir þá sem eiga uppruna utan Vesturlanda en einnig dökka einstaklinga, fædda og uppalda í vestrinu. Umræðan um „kreppu fjölmenningar“ endurspeglar hvernig saga nýlendutímans og mikilvægi fólksflutninga í gegnum söguna er þurrkað út.<sup>21</sup> Fjölbreytt samfélög birtast sem ný fyrirbæri og einsleitni samfélaga hið eðlilega eða upprunalega; ástand sem hinir svokölluðu „innflytjendur“ trufla. Hér má minna á að orðræður eru ekki saklausar heldur afmarka einstaklinga í ákveðna félagslega skilgreinda hópa sem verða skotmörk aðgerða og stefnumótanna.<sup>22</sup>

Ef við skoðum Afríku nánar þá er ljóst að fólksflutningar og landvinningar Evrópumanna til og innan Afríku síðastliðin árhundruðin fólu í sér gífurlega umbreytingu á lífi fólks. Ekki eingöngu út frá samfélagsskipan, tungumálum og menningu eins og fyrr var vísað til, heldur var ofbeldi og afmennskun af hendi Evrópubúanna hluti af lífi flestra.<sup>23</sup> Einn þáttur í réttlætingu og viðhaldi slíks ofbeldis var kynþáttahugmyndin, sem varð að ráðandi þætti í heimsmynd og sjálfsskilningi Evrópubúa í lok níttjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Kynþáttahyggjan, eins og við skiljum hana í dag, var ekki hluti af hugmyndafræði fyrstu landvinningamannanna í upphafi 16. aldar. Þó mátti þá þegar sjá ákveðnar grunnstoðir þar sem fólki var skipt í tvenndarpör, svo sem siðmenntað – ósiðmenntað, kristið – trúlaust. Innan slíkra skiptinga fékk það vægi sem manneskjur. Fræðifólk sem kennir sig við eftirlendustefnu hefur lengi sýnt fram á hvernig hugsunin að baki kynþáttahyggju var jafnframt mikilvægur þáttur í að móta sjálfsmynd Evrópubúa, þá bæði sem afmarkaðra þjóða, en einnig sem eins hóps.<sup>24</sup> Munir, fólk og hugmyndir fóru fram og til baka milli nýlendnanna og heimsveldanna. Audrey Horning bendir á að í raun hafi daglegt líf fólks alls staðar í Evrópu – og þar meðtalið á Norðurlöndunum – á einhvern hátt

<sup>21</sup> Alana Lentin og Gavan Titley, *The Crises of Multiculturalism: Racism in a Neoliberal Age*, London og New York: Zed Books, 2011.

<sup>22</sup> Michel Foucault, *Power/knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972–1977*, New York: Pantheon Books 1972, hér bls. 119.

<sup>23</sup> Laura E. Franey, *Victorian Travel Writing and Imperial Violence: British Travel Writing on Africa, 1855–1902*, New York: Palgrave Macmillan, 2003.

<sup>24</sup> Paul Gilroy, *The Black Atlantic*, 1993.



verið mótað af nýlendustefnunni.<sup>25</sup> Á fyrri hluta tuttugustu aldar sýndu líf-fræðingar og félagsvísindamenn að skipting mannkyns í aðskilda kynþætti ætti ekki við vísindaleg rök að styðjast.<sup>26</sup> Undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var ljóst að kynþáttakenningar nýttust við að réttlæta stórfelld mannréttindabrot. Í dag er afmennskunin í kynþáttafordómum auðvitað vel þekkt og oft tengd við hryllingsverk nýlendutímans og þrælasölu fyrri alda. Fræðifólk hefur engu að síður sýnt fram á að kynþáttahugmyndir og fordómar ganga aftur í samtímanum, þar sem tilvísun til menningarmunar hefur orðið sérlega mikilvæg til að réttlæta fordæmingu eða mannréttindabrot gagnvart ákveðnum hópum. Hér ber að hafa í huga að kynþáttafordómar hafa þó ávallt falið í sér tilvísun til menningar, ásamt því að vera samofnir hugmyndum um stéttir og stöðu kynjanna.

Ísland hefur ekki verið undanskilið þessari sögu og hafa sagnfræðingar undirstrikað síðustu ár að þrátt fyrir landfræðilega einangrun landsins áttu erlendir hugmyndastraumar greiðan aðgang að Íslandi.<sup>27</sup> Námsbækur fyrri tíma, tímaritsgreinar og barnabækur endurspeglu kynþáttahyggju-hugmyndir sem hluta af daglegu lífi fólks.<sup>28</sup> Í kjölfar þess að Ísland varð virkari hluti af alþjóðlegu umhverfi og opnum vinnumarkaði við upphaf 21. aldar jókst umræðan á Íslandi um kynþáttafordóma og fjölmenningarlegt samfélag. Hún sneri m.a. að því hvort, og þá hvernig, kynþáttafordómar væru á Íslandi og að hér á landi væri fjölmenningarlegt samfélag að verða til.<sup>29</sup> Rannsóknir undanfarinna ára á Íslandi hafa sýnt fram á

<sup>25</sup> Audrey Horning, „Insinuations: Framing a New Understanding of Colonialism“, *Scandinavian Colonialism and the Rise of Modernity*, ritstj. Magdalena Naum og Jonas M. Nordin, New York: Springer, 2013, 297–305, hér bls. 297.

<sup>26</sup> Faye Harrison, „Unraveling ‘Race’ for the Twentieth–First Century“, *Exotic No More: Anthropology on the Front Lines*, ritstj. J. MacClancy, Chicago og London: University of Chicago Press, 2002, hér bls. 145–146; Robert Wald Sussman, *The Myth of Race: The Troubling Persistence of an Unscientific Idea*, Cambridge: Harvard University Press, 2014.

<sup>27</sup> Anna Agnarsdóttir, „Iceland in the Eighteenth Century: An Island Outpost of Europe?“, *Sjuttonhundratatal: Nordic Yearbook for Eighteenth–Century Studies*, 10/2013, bls. 11–38.

<sup>28</sup> Til dæmis Kristín Loftsdóttir, „Encountering Others in the Icelandic Schoolbooks: Images of Imperialism and Racial Diversity in the 19th Century“, *Opening the Mind or Drawing Boundaries? History Texts in Nordic Schools*, ritstj. Þorsteinn Helgason og Simone Lässig, Göttingen: Vandenhoeck and Ruprecht UniPress, 2010, bls. 81–105; Kristín Loftsdóttir, „Endurútgáfa Negrastrákanna: Söguleg sérstaða Íslands, þjóðernishyggja og kynþáttafordómar“, *Ritið* 1/2013, bls. 101–124.

<sup>29</sup> Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, „Cultivating Culture? Images of Iceland, Globalization and Multicultural Society“, *Images of the North: Histor-*

margs konar fordóma í garð fólks af erlendum uppruna, svo sem fólks frá Póllandi, Filippseyjum, Litháen og Afríku.<sup>30</sup> Múslimar eru lítill minnihlutahópur á Íslandi, en eins og sjá má í úttekt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar á hatursumræðu í ummælakerfum netfréttamiðla á Íslandi árið 2014, verða þeir einnig fyrir fordómum.<sup>31</sup> Umræða á Íslandi byggir jafnframt oft á menningarlegum rökum og því að „þetta“ fólk sé fast í einhverri fortíð; það sé villimannslegt og ósamrýmanlegt vestrænni menningu.<sup>32</sup> Það sem er kannski sérstakt við múslima hér á landi og þá neikvæðu umræðu sem oft má sjá í fjölmiðlum um þá er hversu lítill og ósýnilegur hópurinn er.

### *Flóttafólk samtímans*

Ég þekki Amado ekkert, en hann er tilbúinn að spjalla við mig. Hann er í kringum tuttugu og fimm ára og heilsar mér feimnislega. Hann horfir niður og brosir meðan við tókumst í hendur. Hann er klæddur í leðurjakka, hvítan stuttermabol og gallabuxur, sem eru augljóslegar rifnar viljandi til þess að láta þær líta flottari út. Fyrir mér undirstrikar klæðnaðurinn ungan aldur hans. Amado talar mjög litla frönsku og við tölum saman með hjálp vinar hans, Abdullah, sem túlkar þegar við skiljum ekki alveg hvort annað. Abdullah kemur líka frá Níger og í raun verður viðtalið við Amado að hluta til líka viðtal við Abdullah, sem skýtur oft inn

---

*ies – Identities – Ideas*, ritstj. Sverrir Jakobsson, Amsterdam: Rodopi, 2009, bls. 205–216.

<sup>30</sup> Helga Ólafs og Malgorzata Zielińska, „I Started to Feel Worse When I Understood More“ – Polish Immigrants and the Icelandic Media“, *Þjóðarspejillinn XI: Rannsóknir í félagsvísindum*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannsson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2010, bls. 76–85; Unnur Dís Skaptadóttir, „Integration and Transnational Practices of Filipinos in Iceland“, *E-migranter* 5/2010, bls. 36–45, hér bls. 38; Anna Wojtyńska, Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafs, *Report From the Research Project: The Participation of Immigrants in Civil Society and Labour Market in the Economic Recession* (óútgefin skýrsla), Reykjavík: University of Iceland, 2011; Unnur Dís Skaptadóttir og Asa Guðný Asgeirsdóttir, „Mótun landamæra og mæra: upplifanir og ólík staða innflytjenda“, *Rannsóknir í félagsvísindum*, ritstj. Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra, XV/2014, bls. 1–8, hér bls. 5.

<sup>31</sup> Bjarney Friðriksdóttir, „Greining: Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla“, *Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar*, 12. ágúst 2014, bls. 2–31, hér bls. 24.

<sup>32</sup> Kristín Loftsdóttir, „Hlutgerving íslenskrar menningar: Samfélagsleg umræða um grunnskólalögin, trúarbrögð og fjölmennningarlegt samfélag“, *Skírnir* 185(haust)/2011, bls. 87–104.

brotum úr eigin sögu. Þegar við höfum skipst á kveðjum setjumst við niður og Amado byrjar hikandi að segja mér sögu sína. Ég skil hluta af því sem hann segir en inn á milli hjálpar Abdullah okkur. Amado útskýrir að 16 ára hafi hann farið til Líbíu vegna þess að hann sá litla framtíð fyrir sér í Níger, en líka vegna þess að hann langaði til að sjá heiminn: „Þá vissi ég ekki einu sinni að Evrópa væri til,“ segir hann og brosir. Frásögn hans endurspeglar í raun hvernig flutningar á milli staða hafa verið lykilkþáttur í aðlögun fólks að vistfræðilegum aðstæðum Sahelsvæðisins, sem Níger er hluti af. Ófyrirsjáanlegar vistfræðilegar aðstæður Sahelsvæðisins gera slíkan hreyfanleika mjög mikilvægan. Þegar Amado fer til nýs lands, viðheldur hann þannig þeim aðferðum sem fólk á Sahelsvæðinu hefur beitt í langan tíma til að gera búsetu þar mögulega. Í kjölfar nýlendutímans var Saharaeyðimörkinni og Sahelsvæðinu skipt í litla búta sem tilheyrðu ólíkum þjóðríkjum, en þetta takmarkaði mjög hreyfanleika íbúanna.<sup>33</sup> Með farandverkamennsku samtímans heldur þó hreyfanleikinn áfram að vera lykilkþáttur í aðlögun fólks að síbreytilegum aðstæðum.

Í Líbíu var næg vinna og Amado gat sent foreldrum sínum sem lifðu í sárri fátækt í Níger peninga reglulega, sem vitnar um hvernig fólksflutningar einstaklinga miða oft að því að bæta aðstæður fjölskyldunnar í heild.<sup>34</sup> Þegar stríðið braust svo út í Líbíu árið 2011, flúði Amado yfir Miðjarðarhafið á bát sem flutti hann til Lampedusa á Ítalíu. Vegna þess að hann kom beint frá Líbíu en ekki Níger, var tiltölulega auðvelt fyrir hann að fá stöðu flóttamanns. Abdullah útskýrir fyrir mér: „Það var auðveldara fyrir fólk að fá stöðu flóttamanns ef það kom frá Líbíu [...]. Fyrir stríðið hafði Líbía allt, það var rólegt þar. Í dag er það hins vegar breytt; meira að segja þeir sem eiga raunveruleg heimili geta ekki verið í friði þar. Það er ekkert óeðlilegt að þegar þeir [Evrópumenn] herja stríð við friðsælt land, að þeir vilji síðar gefa því eitthvað. Í Níger eru vandamál, en það eru ekki vandamál tengd stríði.“ Þessi athugasemd Abdullah endurspeglar þá sýn hans að það að fá stöðu flóttamanns sé handahófskennt ferli og eitthvað

<sup>33</sup> Mirjam de Bruijn og Han van Dijk, „Changing Population Mobility in West Africa: Fulbe Pastoralists in Central and South Mali“, *African Affairs* 102(407)/2003, bls. 285–307.

<sup>34</sup> Antonio M. Morone, „Policies, Practices, and Representations Regarding Sub-Saharan Migrants in Libya: From the Partnership with Italy to the Post-Qadhafi Era“, *EurAfrican Borders and Migrations Management: Political Cultures, Contested Spaces, and Ordinary Lives*, ritstj. Paolo Gaibazzi, Alice Bellagamba og Stephan Dünnwald, United Kingdom: Palgrave Macmillan, 2017, bls. 127–155, hér bls. 135.

sem fólk í valdameiri löndum geti gefið fólki í þeim valdaminni, en sé ekki bundið við ákveðin lagaleg, alþjóðleg réttindi. Þrátt fyrir að þetta sé vissulega einföldun hjá honum, má í því samhengi velta fyrir sér forræði þeirra einstaklinga í ólíkum Evrópulöndum sem úrskurða hverjir eigi rétt á að fá alþjóðlega vernd; sögur hverra falla innan þeirra ramma sem lögin ákveða? Hvers konar þjáning skiptir máli? Þessi sýn hans endurspeglar einnig ákveðin viðhorf víðar í Evrópu þar sem litið er svo á að samþykkt fyrir hæli sem flóttamaður byggji á „velvild“ einstaklinganna í viðkomandi landi.

Með þessari athugasemd dregur Abdullah jafnframt fram þátttöku Evrópu og Norður–Ameríku í stríðinu í Líbíu sem hann, eins og flestir aðrir frá Níger sem ég talaði við, telur að sé afleiðing af því að ráðamönnum í Evrópu og Ameríku hafi fundist Líbía vera orðin of sterk efnahagslega. Þrátt fyrir að ástæður stríðsins í Líbíu séu of margþættar og flóknar til að hægt sé að kryfja þær hér, má benda á að fræðifólk hefur gagnrýnt hvernig Bandaríkin og ákveðnar Evrópuþjóðir hafa stutt við lýðræðisumbætur í ákveðnum löndum þegar og ef það hentaði þeim, en ekki í öðrum.<sup>35</sup> Líbía tengist sögu Evrópu með margvíslegum hætti og var nýlenda Ítalíu, rétt eins og Níger var nýlenda Frakklands. Landfræðileg staða og auðlindir gerðu það svæði sem nú er Líbía, að ákjósanlegu yfirráðasvæði, enda var því stjórnað af Ottóman-veldinu og af Tyrkjum fyrir þann tíma.<sup>36</sup>

Þegar ég spyr Amado af hverju hann hafi í kjölfarið farið til Evrópu, undirstrikar hann að hann ætlaði sér aldrei að fara til Evrópu, en eftir að stríð hófst í Líbíu hafi hann ekki séð annan kost í stöðunni: „Stríðið var eina ástæðan fyrir því að ég fór til Ítalíu. Ég ákvað að fara frá Líbíu vegna stríðsins,“ segir hann feimnislega. Þegar ég spyr um ferðina, segir hann að ferðin hafi vissulega verið hættuleg, en á þeim tíma taldi hann hana þó skárri kost en að fara yfir stríðshrjáða eyðimörkina aftur til Níger. Amado dvaldist í nokkur ár á Ítalíu, en fór þaðan til Brussel þar sem hann hefur dvalist í þrjú ár. Í Líbíu hafði hann unnið verkamannavinnu og þá sérstaklega við að leggja gólf, smíða og við rafmagn. Hann var fljótur að tileinka sér verklagið og gat síðar nýtt sér þessa þekkingu í Brussel. Fyrst

<sup>35</sup> Elfatih A. Abdel Salam, „The Arab Spring: Its Origins, Evolution and Consequences... Four Years On“, *Intellectual Discourse* 23(1)/2015, bls. 119–139, hér bls. 133–134.

<sup>36</sup> Chiara Brambilla, „Shifting Italy/Libya Borderscapes at the Interface of EU/Africa Borderland: A “Genealogical” Outlook from the Colonial Era to Post-Colonial Scenarios“, *ACME: International Journal for Critical Geographies* 13(2)/2014, bls. 220–245.

Þegar hann kom til borgarinnar var erfitt að fá vinnu, en með tímanum vann hann sér inn orðspor sem góður verkmaður. Amado tekur að sér öll möguleg verkefni, en oftast er hann beðinn um að gera eitthvað sem tengist rafmagni, eða að rífa innan úr gömlum húsum. Hann brosir og segist hafa það fínt í Brussel; hann fái oftast næga vinnu og geti sent foreldrum sínum peninga reglulega, til að fleyta þeim yfir mestu erfiðleikana. Í raun eru það allar umframtekjur hans. Vinnan sé auðvitað öll svört og því óstöðug, en hann hafi oftastnær nóg að gera: „Í dag,“ segir hann og á erfitt með að leyna stoltinu í röddinni, „eru mjög margir sem biðja mig um að vinna fyrir sig.“ Síðar þegar ég hitti Abdullah einan undirstrikar hann að Amado sé vel þekktur í hverfinu fyrir dugnað og heiðarleika; hann hafi sérstaklega hjálpað mörgum öðrum í hverfinu við að laga rafmagnið í leiguhúsnæði þeirra, sem sé lélegt og því trúlega hættulegt.

Árið 2015 er talið að yfir milljón manns á flótta hafi komið til Evrópu. Tæpur helmingur þeirra kom frá Sírylandi.<sup>37</sup> Þessar tölur eru háar en þó ber að hafa í huga að eftir seinna stríð er talið að í Evrópu hafi verið 10 – 12 milljónir manna á flótta sem komu frá yfir tuttugu löndum. Einnig voru stórir hópar fólks á flótta eftir 1990, m.a. í kjölfar borgarastyrjaldar í Júgóslavíu.<sup>38</sup> Sagnfræðingurinn Leo Lucassen bendir á að aukinn sýnileiki þeirra sem eru á flótta í dag snúist ekki endilega um aukinn fjölda flóttamanna heldur einnig breytt regluverk Evrópusambandsins. Eftir seinasta áratug síðustu aldar fór að vera mun erfiðara að ferðast til Evrópu vegna nýrra reglna um að sýna þyrfti vegabréfsáritun áður en ferðalagið hæfist. Samkvæmt Lucassen miðuðu þessar reglur fyrst og fremst að því að hefta för ómenntaðs fólks og hælisleitenda. Það tók töluverðan tíma að gera slíkt eftirlit að veruleika þannig að afleiðingar þessara „pappírs-landamæra“ urðu ekki ápreifanlegar fyrr en síðar.<sup>39</sup> Aðrar nýjar leiðir hafa einnig verið þróaðar til landamæragæslu og má segja að í dag séu fjölbreyttar leiðir notaðar til að styrkja ytri landamæri Evrópu, allt frá háþrúðum, rafrænum eftirlitskerfum til gaddavírsgirðinga.<sup>40</sup> Hér þarf að muna að landamæri álfunnar Evrópu eru ekki náttúruleg, og hafa verið breytileg í

<sup>37</sup> UNHCR. „Over one million sea arrivals reach Europe in 2015“ UNHCR, 30 desember, 2016, sótt 2. júlí 2018 af <http://www.unhcr.org/news/latest/2015/12/5683d0b56/million-sea-arrivals-reach-europe-2015.html>

<sup>38</sup> Leo Lucassen, „Peeling an onion: the “refugee crisis” from a historical perspective“, *Ethnic and Racial Studies* 41/2018, bls. 383–410.

<sup>39</sup> Leo Lucassen, „Peeling an onion“, bls. 389–390.

<sup>40</sup> Ruben Anderson, „Time and the Migrant Other: European Border Controls and the Temporal Economics of Illegality“, hér bls. 4.

gegnum tíðina; höf og ár hafa oft tengt fólk saman frekar en aðskilið það, eins og saga Miðjarðarhafsins sýnir. Lönd Evrópu sem sjálfstæðar einingar með ákveðin landamæri eiga sér þannig nýlega sögu. Þannig má líta svo á að landamærin verði í raun til í kringum landamæraaðgerðirnar sjálfar.<sup>41</sup> Aðgerðirnar gera landamærin raunveruleg og merkingarbær og veita í raun oft þá tilfinningu að þau hafi alltaf verið einmitt svona. Ef skoðað er nýlegt kort á heimasíðu Frontex, landamærastofnunar Evrópu, má greinilega sjá áherslu samtímans á Evrópu sem landsvæði sem sætir árás utanaðkomandi afla frá suðri. Kortið sýnir lönd Evrópusambandsins sem dökkgraa fleti og Evrópulönd utan þess sem ljósgráa. Úr suðri má svo sjá örvar sem beinast í átt að Evrópu sem heild, rétt eins og vírus sem reynir að ráðast inn í frumu. Örvarnar, sem tákna ólíkar leiðir sem notaðar eru til að komast „inn í“ Evrópu, eru aðgreindar með skærum litum, næstum eins og til að undirstrika hættuna.<sup>42</sup> Þessi áhersla samtímans á landamæri og gæslu þeirra er mjög ólík þeirri framtíð sem margir sáu fyrir sér við hrun Berlínarmúrsins árið 1989. Þá fagnaði fólk víðsvegar um Evrópu afnámi múrsins sem hafði hindrað fólk í að leita sér að betra lífi annars staðar og heimsækja önnur lönd.

Á árinu 2016 fækkaði flóttafólki í Evrópu töluvert, niður í tæplega 400 þúsund. Fækkunin var þó að stórum hluta vegna samnings Evrópusambandsins við Tyrkland í mars 2016. Sá samningur sneri að því að loka leiðum þar í landi, sem höfðu gert flóttafólki kleift að komast frá Tyrklandi til Grikklands.<sup>43</sup> Slíkt er ekki einsdæmi heldur hefur áhersla Evrópusambandsins á samvinnu við nágrannaríkin í auknum mæli snúist um landamæragæslu á ytri landamærum sambandsins.<sup>44</sup> Sérstakir samningar voru, til dæmis, í gildi milli stjórnar Gaddafis og Ítalíu fyrir styrjöldina í Líbú árið 2011 varðandi landamæraeftirlit á milli landanna,

<sup>41</sup> Sama rit, bls. 4.

<sup>42</sup> Frontex: European Border and Coast Guard Agency, „Migratory routes map“, *Frontex.europa.eu*, sótt 7. apríl 2018 af <http://frontex.europa.eu/trends-and-routes/migratory-routes-map/>. Kortinu hefur verið breytt síðan í júlí 2017 þegar greinin var í vinnslu, svo það sýnir nú doppur í stað örva áður.

<sup>43</sup> International Organization for Migration (IOM) „Mixed Migration Flows in the Mediterranean and Beyond: Compilation of Available Data and Information“, *Iom.int*, sótt 22. júlí 2017 af [http://reliefweb.int/sites/reliefweb.int/files/resources/2016\\_Flows\\_to\\_Europe\\_Overview.pdf](http://reliefweb.int/sites/reliefweb.int/files/resources/2016_Flows_to_Europe_Overview.pdf).

<sup>44</sup> Luiza Bialasiewicz, „Off-shoring and Out-sourcing the Borders of Europe: Libya and EU Border Work in the Mediterranean“, *Geopolitics* 17(4)/2012, bls. 843–866, hér bls. 846.

sem hafði það markmið að stemma stigu við ferðum fólks frá Líbíu til Evrópu.<sup>45</sup> Samningurinn sem var undirritaður árið 2008 milli Líbíu og Ítalíu tilgreindi, til dæmis, að Líbía ætti ekki eingöngu að hindra flóttafólk í því að komast frá Líbíu heldur einnig að taka við flóttafólki sem ítalska strandgæslan hefði fundið. Luiza Bialasiewicz bendir á að í kjölfar þessara samninga hafi fólk sem var í bátum sem teknir voru af ítölsku strandgæslunni oft verið sent beint til Trípólí án þess að athugað væri hvort einhverjir hefðu þörf fyrir alþjóðlega vernd.<sup>46</sup> Ítalía og Evrópusambandið hafa haldið áfram gera slíka samninga eftir stríðið í Líbíu<sup>47</sup> þar sem samningar, t.d. frá árinu 2016, fólu í sér verulegan fjárhagsstuðning til ólíkra aðila innan Líbíu. Þeir fólu til dæmis í sér að Líbíu var gert kleift að stöðva skipsferðir þeirra sem reyndu að ná til Evrópu, þeir fengu tæknilega aðstoð við rekstur flóttamannabúða þar sem skelfileg mannréttindabrot eiga sér reglulega stað sem og við landamæraeftirlit í landinu.<sup>48</sup> Þannig hefur tekist að fækka komum flóttafólks til Ítalíu verulega eða um 67% milli ársins 2016 og seinni hluta 2017.<sup>49</sup> Skýrsla Amnesty International frá árinu 2017 endurspeglar afleiðingar þessarar stefnu þar sem bent er á að fjöldi fólks er haldið við hræðilegar aðstæður í flóttamannabúðum eða nauðugu af hersveitum eða glæpagengjum og það pyntað og því nauðgað. Eins og bent er á í skýrslu Amnesty hafa mannréttindabrot í flóttamannabúðum í Líbíu lengi verið þekkt<sup>50</sup> sem og sú staðreynd að Líbía er ekki aðili að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1951.<sup>51</sup> Með þessum aðgerðum, sama hvar þær eiga sér stað á ytri landamærum Evrópu, er í raun verið að hindra það að fólk á flotta geti leitað eftir alþjóðlegri vernd í Evrópu.

<sup>45</sup> Sjá umræðu Frontex, „Central Mediterranean Route“, *Frontex.europa.eu*, sótt 22. júlí 2017 af <http://frontex.europa.eu/trends-and-routes/central-mediterranean-route/>; Antonio M. Morone, „Policies, Practices, and Representations Regarding Sub-Saharan Migrants in Libya: From the Partnership with Italy to the Post-Qadhafi Era“, bls. 129–130.

<sup>46</sup> Luiza Bialasiewicz, „Off-shoring and Out-sourcing the Borders of Europe“, bls. 853.

<sup>47</sup> Sjá til dæmis umræðu í Bialasiewicz 2012 og Amnesty International, „Libya’s Dark Web of Collusion: Abuses against Europe-bound refugees and migrants 2017“, Amnesty International, London, hér bls. 8.

<sup>48</sup> Sama rit, bls. 8.

<sup>49</sup> Sama rit, bls. 7.

<sup>50</sup> Sjá einnig Tiziana Torresi, „An Emerging Regulatory Framework for Migration: The Libya-Italy Agreement and the Right of Exit“, *Griffith Law Review* 22(3)/2013, bls. 648–665.

<sup>51</sup> Amnesty International, 2017 bls. 7.

Þegar ég horfi á þennan unga mann, Amado – sem fyrir mér er drengur lítið eldri en sonur minn – hugsa ég um að hann sé innflytjandinn sem svo oft er talað um í evrópsku samhengi: þ.e. innflytjandinn sem aðlagast ekki. Hann kann litla frönsku, vinnur svarta vinnu og allt hans líf er í innflytjendahverfinu þar sem hann býr. Þar eru vinir hans, sú þjónusta sem hann þarf og starf hans. Hann þekkir enga Belga, hefur í raun engin tök á að kynnast þeim og út fyrir þetta hverfi hefur hann í raun ekkert að sækja. Ég horfi á brosandí og feimnislegt, fingert andlitið, krullað hárið, snyrtileg fötin, hugsa um gott orðspor hans í hverfinu, aðstoðina við foreldra hans, og hann er eitthvað svo allt annað en innflytjandi sem neitar að aðlagast. Sú umræða kallar fram einfaldar birtingarmyndir fólks, fólks sem á sér í raun ólíkar sögur og möguleika í lífinu.

### *Flóttamannavandinn*

Þriðji einstaklingurinn sem mig langar að segja stuttlega frá er Youssouf. Youssouf er stór og mikill og með hökuskegg, en það síðastnefnda og kyrtillinn sem hann klæðist gerir nokkuð vel sýnilegt fyrir utanaðkomandi að hann sé múslimi. Þegar ég sé hann fyrst hugsa ég um að í útliti er hann næstum eins og táknmynd óvinnar Evrópu, öryggisógnin sem við sjáum svo oft vísað til. Vinur hans, sem er enn einn viðmælandi hjá mér, fylgir honum í litlu íbúðina sem ég leigi tímabundið í Brussel. Vinurinn kveður mig og við Youssouf tökumst í hendur og heilsumst í dyragættinni. Augun hans eru óræð og ögn kuldaleg þegar ég heilsa honum, en þegar við byrjum að tala saman er eins og hann sé ekki lengur í vörn og hann verður einstaklega hlýr og vinalegur. Við sitjum saman við eldhúsborðið í íbúðinni minni og drekkum te. Saga hans er eins og saga hinna -einstök, en í gegnum þær allar eru ofnir ákveðnir þræðir sem eru ekki svo ólíkir. Andstætt hinum kom Youssouf frá ágætlega stæðri Hása-fjölskyldu í Níger, en missti báða foreldra sína áður en hann varð tvítugur. Það umbylti högum hans, þar sem innviðir og félagslegt kerfi í Níger er veikt. Til þess að geta séð fyrir systkinum sínum hætti hann í skólanum og fór að vinna. Hann segir mér að þetta hafi ekki verið auðvelt og því hafi hann ákveðið árið 2009 að fara tímabundið frá fjölskyldunni, sem fól þá einnig í sér eiginkonu og barn, og gerast farandverkamaður í Líbíu: „Það var ágætlega borgað,“ segir hann mér: „Fyrir suma voru þetta kannski ekki há laun, en fyrir mig var þetta mjög gott, því ég keypti mér aldrei neitt. Ég sendi alla peninga sem ég fékk



heim [til Níger].“ Youssouf dvaldi í Trípólí, höfuðborg Líbíu, í eitt ár eftir að stríðið byrjaði, en ákvað þá að forða sér í burtu: „Við hlupum út á götu þegar sprengjunum byrjaði að rigna yfir borgina,“ segir hann þegar hann talar um tímann eftir stríðið og loftárásir Nató á borgina.<sup>52</sup> „Maður var svo hræddur um að grafast lifandi undir byggingunum.“

Á leiðinni yfir til Ítalíu skemmdist báturinn og var næstum sokkinn, en á síðustu stundu bjargaði ítalska strandgæslan bátsverjunum. Eins og Amado, fékk Youssouf stöðu flóttamanns á Ítalíu, líklega vegna þess að hann kom til Evrópu frá Líbíu, en ekki Níger. Hann dvaldi stutt á Ítalíu, því þar var enga vinnu að fá. Í kjölfarið kom hann svo til Brussel. Ég spyr hann út í Níger og hann talar, eins og aðrir, um spillinguna sem ríkir í landinu, fátæktina og að í þessu ríka landi búi fólk í örbirgð: „Landið mitt, við eigum svo margar auðlindir, hverjir taka þær? Það eru Frakkarnir. Hversu margir deyjá í Níger af því að þeir hafa ekkert að borða?“ Youssouf talar einnig um að í Níger endi peningarnir oft í vasa spilltra stjórnmalamanna: „[Ef þú ert stjórnmalamaður þá tekur] þú peningana og ferð með þá í evrópskan banka, eins og í Sviss, og geymir þá fyrir fjölskylduna þína.“ Hann bætir við: „Níger er ekki fátækt land. [...] Þetta er ekki réttlátt, ekki réttlátt.“ Þegar hann talar um þetta verður röddin reiðileg, en svo brosir hann til mín og segir: „Afsakaðu, ég kemst í uppnám þegar ég tala um þetta.“

Í Brussel hefur Youssouf ekki fasta vinnu, en hann tekur að sér alls konar störf og ólíkt mörgum öðrum sem ég tala við, nær hann næstum fullri vinnu. Hann vinnur oft á veitingahúsum og þá iðulega frá kl. 10 á morgnana til 22 á kvöldin. Honum líkar vel í Brussel, en talar um að eftir hryðjuverkaárásirnar í borginni árið 2016, finni hann fyrir ótta fólks: „Fólk er of hrætt vegna ISIS-vandamálsins. Það er hrætt við múslima, út af því að það segir að múslimar hafi gert þetta.“ Hann bætir við dapurlega og vísar til annarra farandverkamanna jafnt og sjálfs sín: „Maður er ekki hér þess vegna. Mann langar bara að skapa sér líf hérna, rétt eins og aðrir sem búa í borginni.“

<sup>52</sup> Sjá má gagnrýna umræðu um mannfall almennra borgara í Human Rights Watch, „Unacknowledged Deaths: Civilian Casualties in NATO’s Air Campaign in Libya“, 13. maí 2012, sótt 7. apríl 2018 af <https://www.hrw.org/report/2012/05/13/unacknowledged-deaths/civilian-casualties-natos-air-campaign-libya> og „If There Were Global Justice, Nato Would be in the Dock Over Libya“, 12. maí 2012, sótt 7. apríl 2018 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2012/may/15/global-justice-nato-libya>.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr straumi flóttafólks til Evrópu síðan 2015, hefur „flóttamannavandinn“ haldið áfram að vera áberandi þáttur í opinberri umræðu, líklega að hluta til vegna aukins sýnileika flóttafólks og hælisleitenda í ýmsum Evrópuríkjum. Þessi umræða um flóttafólk sem vandamál, tekur þátt í að endurskapa, eins og fyrr hefur verið komið inn á, ákveðna sýn á Evrópu sem virki sem þarf að verja frá þeim sem eru skilgreindir sem utanaðkomandi. Hún dregur athygli að tengingu þekkingarsköpunar og atbeini, þar sem orðræður móta útfærslu þess sem gert er á ólíkum sviðum samfélagsins og hafa einnig vald sem ákveðið stjórnvaldstæki.<sup>53</sup> Umræða um fólk á flótta rennur oft saman við umræðu um múslima almennt og hryðjuverkamenn. Árásin á tvíburaturnana í New York borg árið 2001 var öflug til að draga upp slíka tengingu milli þessara tveggja síðastnefndu hópa. Hún var ýkt enn frekar með hugmyndinni um „átök menningarheima“ sem fræðimaðurinn Samuel P. Huntington hélt á lofti og einkenndist af sterkum staðalmyndum.<sup>54</sup> Búið var að skapa tengingu milli hugtakanna múslimi og öryggisógn þegar umræðan fór síðar að snúast um það að múslimar frá ISIS gætu komið til Evrópu sem flóttamenn til þess að framkvæma hryðjuverk.<sup>55</sup> Í kjölfar hryðjuverkanna í París árið 2015 mátti sjá umræðu um múslima sem ósamrýmanlega Evrópu blossa upp og múslimar sem heild dregnir upp sem ógn við álfuna. Didier Fassin hefur bent á hvernig fjöldamorðin í tengslum við Charlie Hebdo tímaritið leiddu til ofsókna og fordóma í garð margra múslima, sem voru þá þegar á jaðri fransks samfélags og oft litið á þá sem andsnúna lýðræðishugmyndum franska ríkisins.<sup>56</sup>

Víða töluðu ráðamenn eins og mannréttindi tilheyrðu sjálfkrafa Vesturlöndum. Það sama var uppi á teningnum á Íslandi. Fyrrverandi forseti Íslands sagði til dæmis að árásin væri „atлага að frönsku þjóðinni og siðmenningu okkar tíma, frelsi, lýðræði og mannréttindum“.<sup>57</sup> Fjármálaráðherra sagði að „vestrænt samfélag, gildi þess og hugsjónir“,

<sup>53</sup> Michel Foucault, *Power/knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972–1977*, New York: Pantheon Books 1972, hér bls. 119.

<sup>54</sup> Samuel P. Huntington, „The clash of civilizations?“, *Foreign affairs* 72(3)/1993, bls. 22–49; sjá umræðu Leo Lucassen, „Peeling an onion“, bls. 11–12.

<sup>55</sup> Sama rit, bls. 11.

<sup>56</sup> Didier Fassin, „In the Name of the Republic: Untimely Meditations on the Aftermath of the Charlie Hebdo“, *Anthropology Today* 31(2)/2015, bls. 3–7.

<sup>57</sup> Stefán Ó. Jónsson, „Samúðarkveðja forseta Íslands: Árás á siðmenningu okkar tíma“, *Vísir.is*, 14. nóvember 2015, sótt 7. ágúst 2018 af <http://www.visir.is/samudarkvedja-forseta-islands-aras-a-sidmenningu-okkar-tima/article/2015151119276>.

væru skotmörk árársinnar, ásamt því að leggja áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um „vestrænar hugsjónir, um mannúð og mennsku, – frelsi, jafnrétti og bræðralag“.<sup>58</sup> Þessar tengingar milli Vesturlanda eða Evrópu, siðmenningar, lýðræðis og mannréttinda, geta svo auðveldlega gefið í skyn að Evrópa og Vesturlönd séu upphaf og endir mannúðar og mennsku. Orðræðan skapar þannig hópa sem taldir eru tilheyrja Evrópu og þeirra sem gera það ekki og undirskipar síðari hópinn. Með tengingum milli „vesturs“ og mannúðar verður ósýnilegt að hugmyndir um lýðræði og mannréttindi mótuðust á tímum ótrúlegra mannréttindabrota, afmennskunar og algjörs skorts á mannúð í garð ákveðinna hópa. Einnig gleymist sú staðreynd að Evrópuríki og Vesturlönd almennt hafa, löngu eftir lok formlegrar nýlendustefnu, haldið áfram að hindra framgang lýðræðis í ákveðnum löndum þegar það hentaði ráðandi öflum á hverjum tíma – og héldu í mörgum tilfellum áfram að svipta fólk grundvallarmannréttindum – ef það þjónar hagsmunum þeirra sjálfra.

Ísland hefur verið aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1951, og með setningu útlendingalaga árið 2002 var réttarstaða flóttafólks og hælisleitenda útskýrð sérstaklega, með tilvísun til þess alþjóðlega samstarfs sem Ísland er aðili að. Gerðar voru í framhaldinu nokkrar viðbætur við lögina og m.a. lögfest vernd fyrir einstaklinga sem hafa orðið fyrir ofsóknum, en falla ekki undir flóttamannahugtakið.<sup>59</sup> Árið 2016 voru ný lög sett, þar sem enn frekar var reynt að ná utan um málefni flóttafólks og hælisleitenda.<sup>60</sup> Umsóknir um að fá stöðu flóttamanns<sup>61</sup> hafa aukist töluvert hér á landi og má sem dæmi nefna að á árinu 2009 voru 35 slíkar umsóknir en 355 árið 2015. Flestar umsóknir árið 2015 komu frá Albaníu eða 30% en hinar voru frá fjölda annarra landa.<sup>62</sup> Þeir einstaklingar sem sækja um stöðu flóttamanns þurfa oft að bíða í langan tíma eftir svári um hvort þeir fái hæli eða ekki og hvort umsókn þeirra verði

<sup>58</sup> „Bjarni: Skotmarkið var vestrænt samfélag“, *Mbl.is*, 14. nóvember 2015, sótt 7. ágúst 2018 af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/11/14/bjarni\\_skotmarkid\\_var\\_vestraent\\_samfelag/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/11/14/bjarni_skotmarkid_var_vestraent_samfelag/).

<sup>59</sup> Innanríkisráðuneytið, „Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins“, *Stjornarradid.is*, júní 2012, sótt 7. ágúst, 2018 af <https://raffladan.is/bitstream/handle/10802/4532/Skyrsla-um-malefni-utlendinga-utan-EES.pdf?sequence=1>;

<sup>60</sup> Sjá vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/145/s/1467.html>

<sup>61</sup> Í lögunum nú er talað um alþjóðlega vernd.

<sup>62</sup> Sjá upplýsingar á <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/Stadan-i-haeliskerfinu-12.02.2016.pdf>, sótt 22. janúar 2018.

tekin til efnislegrar meðferðar.<sup>63</sup> Rétt eins og erlendis hafa komið upp umræður hér varðandi hverjir séu „raunverulegir“ flóttamenn og hverjir ekki; umræða sem fer í raun að snúast um, eins og fræðifólk hefur bent á, hverjir eru taldir eiga skilið samúð og samhug.<sup>64</sup> Slík umræða var alls ekki einskorðuð við almenning heldur einnig þá sem eru mikilvægir í að móta stefnu í málefnum fólks á flótta. Dómsmálaráðherra, Sigríður Andersen, talaði til dæmis árið 2017 um að mikilvægt væri að hælisleitendur væru ekki að misnota velvild Íslendinga, og senda inn „tilhæfulausar“ umsóknir um hæli, en sú umræða endurómar orðræðu annarra í samfélaginu þar sem löggð er áhersla á mikilvægi þess að stoppa straum þeirra sem ekki eru „raunverulegir“ flóttamenn.<sup>65</sup> Slík umræða hér á landi, eins og orð dómsmálaráðherra endurspeglar, snýr ekki nauðsynlega að fólki frá Afríkuríkjum heldur einnig að fólki frá ákveðnum Evrópulöndum svo sem Albaníu og Makedóníu.<sup>66</sup> Af orðum dómsmálaráðherra mætti halda að veiting hælís til ákveðinna einstaklinga byggji á góðvild ríkis og þjóðar. Simon Goodman og Susan A. Speer tala um það hvernig áherslan í Bretlandi á að aðgreina „raunverulega“ flóttamenn frá þeim sem eru ólöglegir innflytjendur og efnahagsflóttamenn (e. *economic migrant*) geri alla tortryggilega sem mögulega svindlara á kerfinu. Þetta þýðir, að þeirra mati, að raunverulegar ástæður þess að fólk sæki um hæli falla í skuggann.<sup>67</sup> Hér, eins og fræðifólk hefur bent á í tengslum við slíka umræðu erlendis, færast áherslan frá neyð einstaklinganna sjálfra yfir á alla hælisleitendur sem fyrst og fremst álag á auðlindir þjóðríkjanna.<sup>68</sup> Umræðan um flóttafólk er einnig einföld að því leyti að hún gerir ráð fyrir að fólk hafi alltaf farið úr einu landi í annað

<sup>63</sup> Lilja Ingvarsson, Snæfríður Þóra Egilson og Unnur Dís Skaptadóttir, „I want a normal life like everyone else“, bls. 417.

<sup>64</sup> Simon Goodman og Susan A. Speer, „Category Use in the Construction of Asylum Seekers“, *Critical Discourse Studies* 4(2)/2007, bls. 165–185; Shay Cannedy, „Debating Refugee Deservingness in Post-Celtic Tiger Ireland“, bls. 102–125.

<sup>65</sup> Sigríður Hagalín Björnsdóttir, „Ekki liðið að velvild Íslendinga sé misnotuð“, *RÚV*, 17. janúar 2017, sótt 7. ágúst, 2018 af <http://www.ruv.is/frett/ekki-liðid-ad-velvild-islendinga-se-misnotud>; sjá einnig til dæmis Björn Bjarnason, „Flóðbylgja farandfólks frá Nígíríu“, 16. september 2016, sótt 7. ágúst, 2018 af <http://www.bjorn.is/greinar/nr/8046> og „Vilja helst enga flóttamenn“, 5. júní 2012, sótt 7. ágúst 2018 af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/06/05/vilja\\_enga\\_flottamenn\\_til\\_islands/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/06/05/vilja_enga_flottamenn_til_islands/).

<sup>66</sup> Sigríður Hagalín Björnsdóttir, „Ekki liðið að velvild Íslendinga sé misnotuð“.

<sup>67</sup> Simon Goodman og Susan A. Speer, „Category Use in the Construction of Asylum Seekers“, *Critical Discourse Studies* 4(2)/2007, bls. 165–185, hér bls. 166.

<sup>68</sup> Sama rit, bls. 179.

þegar raunveruleiki margra er sá að hafa búið í mörg ár eða alla ævi utan upprunalands sem þýðir að það hefur flókna lagalega og félagslega stöðu. Í tilfelli Líbíu endurspeglast hvernig oft er ekki fyllilega hægt að flokka einstaklinga sem annað hvort efnahagslega flóttamenn eða sem á flótta vegna ofsókna eða stríðs.<sup>69</sup> Sumir þeirra sem flúðu frá Líbíu yfir til Evrópu höfðu upphaflega komið til Líbíu til að flýja fátækt í heimalandi sínu.<sup>70</sup> Margir voru því að flýja hvort tveggja stríðsátök í Líbíu og fátækt í upprunalandi.

Skoðanakannanir hér á landi endurspeгла þó áhuga margra á aðstæðum þessa fólks og til dæmis kom fram í könnun Þjóðargáttar Maskínu í september 2016 fyrir Amnesty International að 74% landsmanna vildu að stjórnvöld gerðu meira fyrir flóttafólk.<sup>71</sup> Slíkar niðurstöður gefa vísendingu um misvægi á milli athafna stjórnvalda, sem oft hafa framfylgt Dyflinnarreglugerðinni af mikilli hörku, og vilja margra almennra borgara.<sup>72</sup> Þetta misvægi endurspeglast einnig í harðri fordæmingu margra úr hópi almennings, eins og oft má sjá í fjölmiðlum, á brottvísun einstaklinga sem hafa ekki fengið stöðu sem flóttamenn og eru því taldir „ólöglegir“ í landinu.<sup>73</sup>

Árið 2015 kölluðu fréttir af flóttafólki frá Sírylandi fram bylgju samúðar hér á landi með fólki á flótta, sem fólki – ekki sem múslimum, flóttafólki eða útlendingum. Það var í raun áhugavert að myndir og umræður fjölmiðla sýndu okkur einstaklinga, en ekki óhlutbundna og andlitslausa ógn, eins og mynd Frontex bregður upp. Við fengum að vita nöfn barna sem

<sup>69</sup> Peter Tinti og Tom Westcott, „The Niger-Libya Corridor: Smugglers’ Perspective“, *Institute for Security Studies* 299(nóvember)/2016, bls. 1–24, hér bls. 3.

<sup>70</sup> Sama rit, bls. 3.

<sup>71</sup> Í þessari könnun var þó ekki gerð aðgreining á milli hælisleitenda og flóttamanna og áhugavert að velta fyrir sér hvernig viðmælendur skildu spurninguna. Amnesty International, „Tæplega 74% landsmanna telja að íslensk stjórnvöld ættu að gera meira til að hjálpa flóttafólki“, *Amnesty International*, 5. september 2016, sótt 7. ágúst 2018 af <https://www.amnesty.is/starfid-okkar/frettir/taeplega-74-landsmanna-telja-ad-islensk-stjornvold-aettu-ad-gera-meira-til-ad-hjalpa-flottafolki>;

<sup>72</sup> Markaðs- og miðlarannsóknir, „Skiptar skoðanir um hælisleivingar“, *Markaðs- og miðlarannsóknir*, sótt 7. ágúst 2018 af <http://mmr.is/frettir/birtar-niurstoeur/606>; Gallup, „Málefni innflytjenda og flóttamanna“, *Þjóðarpúls Gallup*, september 2015; Markaðs- og miðlarannsóknir, „Tæp 90% vilja taka á móti flóttamönnum frá Sírylandi“, *Markaðs- og miðlarannsóknir*, 15. febrúar 2017, sótt 7. ágúst 2018 af <http://mmr.is/frettir/birtar-niurstoeur/492>

<sup>73</sup> Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, „Flóttafólk á Íslandi“, *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*, ritstj. Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Lís Rúnarsdóttir, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2016, bls. 85–93.

dóu á hættulegu ferðalagi yfir hafið, afdrif foreldra þeirra, einstaklinga í örvæntingu, í ótta og óöryggi, að reyna að komast í skjól frá þeim ömurleika sem ríkti heima fyrir. Lítil áhersla virðist hafa verið lögð á það af hálfu íslenskra fjölmiðla að fjalla um þessa einstaklinga sem múslima, heldur snerist umræðan fyrst og fremst um þá sem fólk á flótta – afmörkun þeirra sem múslima hefur þannig ekki þótt skipta meginmáli, heldur fyrst og fremst neyð þeirra sem manneskja. Það sem ég tel að hafi einnig skipt máli í að kalla fram þá ríku samkennd sem sjá mátti í íslensku samfélagi á þessum tíma, var kunnugleikinn við þetta fólk – fötin, leikföng barnanna og aðrir munir sem það hafði haft með sér. Ég sá til dæmis á einni mynd, föður þrýsta syni sínum að sér, dreng sem virtist á svipuðum aldri og minn eigin sonur. Faðir og sonur voru hræddir og að ég held grátandi á myndinni – ég man ekki af hverju. En þessi mynd sló mig svo á sínum tíma, því drengurinn var í næstum sömu fötum og minn strákur sem þá var 12 ára. Eins strigaskór, áþekk hettupeysa og bolur.

Á sama tíma og þessi kunnugleiki er mikilvægur, spyr ég sjálfa mig að hvaða leyti samúðin skapist út af honum – að hvaða leyti er kunnugleikinn þannig ekki sprottinn af sameiginlegri mennsku og þjáningu, heldur af ljósu litarhafti og neysluvarningi sem við hér á Íslandi, eins og á mörgum öðrum efnameiri stöðum heimsins, skilgreinum okkur oft svo sterklega út frá? Hefði samúðin og viðurkenningin á því sem við deilum með þessu fólki – þessi tilfinning fyrir mennsku – verið sú sama ef þetta hefði verið hópur flóttafólks frá Níger, þar sem við hefðum líklega séð dökka menn með túrbana og í kufum, dökkar konur og börn með pinkla á höfðinu, og einstaklingarnir þannig ekki nauðsynlega tengdir þeim neysluvarningi sem er okkur svo kunnuglegur?

Ef við skoðum frétttaflutning aðeins lengra aftur, fyrir þann tíma sem átakanlegu myndirnar fóru að birtast af fólki á flótta frá Sýrlandi árið 2015, sjáum við að ferðir fólks yfir Miðjarðarhafið voru vissulega viðfangs efni fréttu fyrir þann tíma. Í janúar og febrúar árið 2015 snéru margar fréttir um flóttafólk að því að fólkinu hafi verið bjargað af varðskipinu Tý. Staðsetning skipsins á Miðjarðarhafinu var hluti af framlagi Íslands til landamæraeftirlits Evrópusambandsins vegna hinnar svokölluðu Trítón áætlunar.<sup>74</sup> Trítón áætlunin tók við af Mare Nostrum aðgerðaáætluninni, en sú breyting var gagnrýnd af mörgum, því samkvæmt henni voru líkurnar

<sup>74</sup> UNRIC, „Íslensk varðskip til Miðjarðarhafsins“, *Unric.org*, 5. nóvember 2014, sótt 7. ágúst 2018 af <http://www.unric.org/is/frettir/26315-iom-deplores-cuts-in-the-efforts-to-save-migrants-on-the-mediterranean>.

á því að bjarga mannlífum töluvert minni en í fyrri aðgerðaáætlun.<sup>75</sup> Texti blaðgreinanna sem snúa að björgunarskipinu Tý, endurspeglar almenna samúð með flóttafólkinu, en greinarnar eru þó fyrst og fremst rammaðar inn út frá hlutverki skipsins í að bjarga þessum einstaklingum. Þetta má sjá í fyrrisögnum eins og „Týr kominn til hafnar með flóttamennina“<sup>76</sup> og „Týr bjargar flóttamönnum á Miðjarðarhafi“.<sup>77</sup> Myndirnar sem fylgja þessum fréttum af Tý eru gjarnan stórar yfirlitsmyndir af dökkum karlmönnum, þar sem enginn einn einstaklingur er í forgrunni og sem slíkar eru þær ólíklegri til að vekja djúpa samúð. Þó hefur lengi vel mátt finna umræðu hér á landi um fólk á flótta (meðal annars einstaklinga frá Afríkuríkjum) sem hefur einkennst af samúð með því, og jafnvel reiði í garð stjórnvalda vegna framkomu þeirra í garð þessara einstaklinga.<sup>78</sup>

Eftir að viðtali mínu lýkur við Youssouf sitjum við saman svolitla stund og spjöllum. Honum finnst gaman að heyra um fjölskyldu mína og börn og spyr mig mikið út mína fjölskylduhagi. Þegar Youssouf býr sig undir að fara fylgi ég honum niður í lyftunni, því í Níger, rétt eins og á Íslandi, fylgir maður gjarnan gestum til dyra og jafnvel lengra. Þegar lyftan opnast hittum við einn nágrannann, sem er skoða pósthólfíð sitt í ganginum. Hann horfir á okkur tvö þar sem við stígum úr lyftunni, með óræðu augnaráði og svarar kveðju minni þurrlega. Ég velti fyrir mér hvað hann sjái þegar hann horfir á Youssouf, sem kinkar vinsamlega kolli.

## Lokaorð

Ferðir fólks á milli landa og heimsálfa í leit að nýjum tækifærum eða lífsviðurværi hafa alltaf verið hluti af tilverunni, þrátt fyrir að í dag hætti okkur oft til að tala eins og þetta sé nýr veruleiki. Að sama skapi eru tengslin milli Evrópu og þeirra landa sem flóttafólk kemur frá, langt frá því að vera ný, rétt eins og skilgreiningar þess um hvað er Evrópa og hvað er Afríka hafa

<sup>75</sup> UNRIC, „IOM deplures cuts in the efforts to save migrants on the Mediterranean“, *Unric.org*, 5. nóvember 2014, sótt 7. ágúst 2018 af <http://www.unric.org/en/latest-un-buzz/29505-iom-deplures-cuts-in-the-efforts-to-save-migrants-on-the-mediterranean>.

<sup>76</sup> Gísli Einarsson, „Týr kominn til hafnar með flóttamennina“, *Rúv.is*, 4. apríl 2015, sótt 7. ágúst 2018 af <http://www.ruv.is/frett/tyr-kominn-til-hafnar-med-flottamennina>.

<sup>77</sup> „Týr bjargar flóttamönnum á Miðjarðarhafi“, *Rúv.is*, 15. febrúar 2015, sótt 7. ágúst 2018 af <http://www.ruv.is/frett/tyr-bjargar-flottamonnum-a-midjarðarhafi>.

<sup>78</sup> Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, „Flóttafólk á Íslandi“, bls. 91–92.

breyst í gegnum aldirnar. Á Íslandi er flóttafólk, án tillits til þess hvort það flýr stríð eða óbærilegar aðstæður heima fyrir, hluti af okkar daglega umhverfi. Eins og Youssouf vísar til í lok viðtalsins, vill fólk oft einfaldlega skapa sér líf eins og aðrir njóta. Sögur þessara þriggja einstaklinga endurspeglar hvernig hugtök eins og „ólöglegur“ innflytjandi og flóttamaður ná engan veginn utan um reynslu þeirra og einnig er varasamt að meðtaka gagnrýnislaust forræði lagalegra skilgreininga til að greina á milli þeirra sem eru „raunverulegir“ flóttamenn og þeirra sem eru það ekki. Ástæður þess að fólk flýr eða fer frá sínu heimalandi eru margvíslegar og eins og við sjáum endurspeglast í þessum sögum, eru aðstæður í heimalandi þess oft óbærilegar vegna fátæktar, sem söguleg tengsl Afríku og Evrópu hafa meðal annars skapað.

Við þurfum jafnframt að vera sérlega vakandi fyrir samtíma staðalmyndum af þeim sem eru taldir ógna þessu rými, sem við vísum til sem Evrópu, og muna að það hefur verið flæðandi og alltaf í tengslum við önnur rými heimsins. Við þurfum að vera sívakandi og meðvitund um að við höldum áfram að sjá einstaklingana, en ekki andlitslausan hóp flóttafólks sem múslima, mögulega hryðjuverkamenn, glæpamenn, karlmenn – þar sem þessi hugtök ganga hvert inn í annað og styrkja hugmyndina um flóttafólk sem „ekki-fólk“ – óvini að flæða inn í Evrópu. Við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir því hvers konar samkennd miðlar skapa, milli hverra, í hvaða tilgangi og jafnframt hvort, og þá hvaða, einstaklingar eru dregnir upp sem ósamrýmanlegir nútímanum.

Veruleiki fólks á flótta hefur jafnframt í auknum mæli skarast á margvíslegan hátt við daglegt umhverfi okkar sem búum á Íslandi. Dóttir mín, þá 11 ára, kemur heim með dúkkurúm sem hún hafði smíðað í skólanum sínum. Það er ákaflega fallett og ég spyr ögn undrandi hvort allir hafi vandað sig svona mikið. Hún svarar stolt: „Það vorum við Sofiya sem lögðum mesta vinnu í þetta, finnst mér. Rúmið hennar Sofiya var ótrúlega fallett.“<sup>79</sup> Andlit hennar breytist skyndilega og hún heldur áfram: „En Sofiya kláraði, held ég, aldrei sitt rúm. Kennarinn okkar kom einn daginn og sagði okkur að hún væri farin. Hún væri flóttamaður og sumir flóttamenn fengju bara leyfi til að vera á Íslandi í stuttan tíma og væru svo sendir aftur.“ Hún horfir á mig með unga andlitinu sínu og ég horfist í augu við hana. „Fólk er að flýja heimaland sitt,“ segir hún, „og svo er það sent til

<sup>79</sup> Frá minnisbók minni. Ég skrifaði orð hennar eftir minni þegar samræðum okkar lauk.



baka. Það er eins og við séum að reyna að sýna að við séum góða fólkið en séum svo í raun vond. Okkur finnst við vera svo góð að leyfa þeim að vera smástund, en svo fara þau bara aftur í sömu aðstæður. Þannig að þau fá bara að sjá hvað allt er fullkomið hér, bara til að fara til baka. Og við hugsum, vá hvað við erum góð að leyfa þeim að koma.“ Ég horfi á hana og vildi óska að ég gæti sagt eitthvað sem breytir þessum veruleika í eitthvað sem er betra. En það er ekkert að segja. Ég sé fyrir mér litla 11 ára stúlku, sem lagði sig alla fram við að smíða fallest dúkkurúm fyrir brúðuna sína, rúm sem táknar einmitt kannski ákveðinn stað til að vera á, skjól og öryggi. Ég veit ekkert um þessa fjölskyldu, annað en það sem dóttir mín sagði mér. Hvar er þetta dúkkurúm núna? Þegar maður er bara 11 ára, er maður þá ekki leiður yfir því að þurfa að skilja dúkkurúmið sitt eftir, sem maður hefur búið til af svo mikilli natni, þrátt fyrir að það blikni við hliðina á þeim napra raunveruleika að vera kastað aftur út í óvissuna? Kannski var hún send úr landi með tilvísun til Dyflinnarreglugerðarinnar og kannski, rétt eins og margir sem ég hef talað við í Brussel, hefur þessi litla stúlka ekki átt svo greiðan aðgang að því að vera flokkuð sem „raunverulegur“ flóttamaður og er því ekki velkomin í því rými sem við köllum Evrópu.

## ÚTDRÁTTUR

### „Ég elti auðinn til Evrópu“:

Sögur af fólki á flótta, innflytjendum og „ólöglegum“ einstaklingum

Á síðastliðnum árum hefur fólk á flótta orðið sýnilegra á margvíslegan hátt. Greinin bendir á brotalamir sem oft má sjá í umræðunni um fólk á flótta og innflytjendur þar sem m.a. er gengið út frá því að Evrópa hafi lengi verið aðskilin frá umheiminum og eingöngu núna sé fólk að færa sig milli heimshluta. Undirstrikað er hvernig flokkun fólks í náttúrugerða hópa, eins og flóttamaður og hælisleitandi, getur falið í sér afmennskun og einföldun á aðstæðum þeirra. Greinin nálgast þetta viðfangsefni út frá sögum þriggja einstaklinga sem hafa flúið frá erfiðum aðstæðum í heimalandi sínu Níger og búa í Brussel í Belgíu, en speglar einnig efnið út frá íslenskri umræðu.

*Lykilorð:* Flóttafólk, hælisleitendur, innflytjendur, Evrópa, Afríka

ABSTRACT

**“I follow the wealth to Europe”:**

Stories of Precarious People, immigrants and “illegals”

People migrating to Europe in search for a new life have become increasingly visible in various ways for the last few years. The article stresses some of the weaknesses in discussions on migration to Europe, where it is often assumed that migration from the outside world has only recently been affecting Europe. The article emphasizes how classifications of people into categories such as „refugee“ and „immigrant“ and the naturalization of these categories, can lead to dehumanization and stark simplifications. The article approaches this through stories of three men in Brussels, Belgium who have fled difficult circumstances in their home country Niger. It also explores these issues from some Icelandic discussions.

*Keywords:* Refugee, asylum seeker, immigrant, Europe, Africa

KRISTÍN LOFTSDÓTTIR

Prófessor í mannfræði

Félagsfræði,- mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 10

IS-101 Reykjavík, Ísland

kristinl@hi.is